

SKILGREINING FYRIR ALÞJÓÐLEGU STARFAFLOKKUNINA (ISCO)

BYGGT Á FYRIRLIGGJANDI SKILGREININGU SEM ISCO/08 BIRTI UM STARFSGREININA

LANDSLAGSARKÍTEKT

Landslagarkitektar skipuleggja, hanna og móta náttúrulegt og byggt umhverfi og beita fagurfræðilegum og vísindalegum lögmaðlum til að styðja við vistvæna sjálfbærni, gæði og heilsu landslags, uppsafnaða þekkingu, arfleifð, menningu og réttláta landnýtingu. Með því að leiða og samræma önnur þekkingarsvið, takast landslagarkitektar á við samspil náttúrulegra og menningarlegra vistkerfa, svo sem með aðlögun og mildandi aðgerðum í tengslum við loftslagsbreytingar og stöðugleika vistkerfa, auk félagsdagfræðilegra úrbóta og aðgerða á heilsu- og velferðasviði sem miðast að því að búa til staði þar sem búið er að gera ráð fyrir félagslegri og efnahagslegri velsæld.

Hlutverk landslagarkitekta eru meðal annars:

- Að þróa og móta landslagið **með því að framkvæma aðgerðir og** undirbúa og hrinda í framkvæmd verkefnum til verndar minjum, varðveislu náttúru- og menningarlandslags, endurreisn á illa förnu landslagi og nýsköpun með ferlum sem samanstanda af hönnun, áætlanagerð, stjórnun og viðhaldi.
- Að stunda rannsóknir og greiningar til að þróa sjálfbæra landslagshönnun, bættu skipulags- og stjórnunarhætti, kenningar, aðferðir og þróunaráætlanir til að stuðla að grænum innviðum, sjálfbæra stjórnun á náttúrulegu, landbúnaðar-, dreifbýlis- og borgarlandslagi og sjálfbæra notkun og beitingu alþjóðlegra umhverfisauðlinda.
- Að framkvæma hagkvæmniathuganir og **áhrifamat** til að meta áhrif þróunar á vistfræði, umhverfiseiginleika, menningarverðmæti og **samfélagsheilsu** og heilnæmi landslaga.
- Söfnun og skjalfesting gagna í gegnum staðargreiningar, þar með talið mat á staðbundnum hefðum, lögun lands, jarðvegi, gróður, vatnafræði, sjónræna eiginleika og manngerða og -stýrða eiginleika.
- Undirbúningur landslagsskjala, þar með taldar teikningar, forskriftir, áætlanir og samningsgögn og útboð fyrir viðskiptavinum.
- Umsjón með stafrænni tækni og framsetningu landkerfa og kynningum fyrir viðskiptavinum og/eða samfélagið á verkefnum í tengslum við umhverfi og landslag.
- Hvetja til almennrar þátttöku grenndarsamfélaga, yfirvalda og hagsmunaaðila við að móta ákvarðanatöku í tengslum við landslagsmál.
- Miðla sérfræðiþekkingu og hagsmunagæslu um landslagsmál við að leysa ágreiningsmál, fyrir dómstóla, samkvæmt umboði, í keppnum, í fjölmiðlum og vegna almannatengsla.

Dæmi um þær starfsstéttir sem falla í þennan flokk:

- Landslagarkitekt

Mismunandi heiti eru notuð fyrir starfstitillinn „Landscape Architect“ (landslagsarkitekt) í löndum þar sem enska er ekki töluð.

Aðrar tengdar starfsstéttir sem flokkaðar eru annars staðar:

- Arkitekt - 2161
- Borgarskipulagsfræðingur - 2164

7. júlí, 2020

Ákvarðað fyrir Alþjóðasamtök landslagarkitekta af **SAMSTARFSHÓPI IFLA HJÁ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNINI (ILO)** sem samanstendur af:

FRITZ AUWECK – FORMAÐUR

OLATUNJI ADEJUMO (IFLA AFRICA) | CARLOS JANKILEVICH (IFLA AMERICAS) | JAMES HAYTER (IFLA ASIA-PACIFIC - FORSETI IFLA)

CARLO BRUSCHI (IFLA EUROPE – IFLA EUROPE STATUTORY ADVISOR) | JALA MAKHZOUMI (IFLA MIDDLE EAST)

CAREY DUNCAN (FORSETI IFLA AFRICA) | KARIN HELMS (FORSETI IFLA EUROPE) | MARINA CERVERA (NEFNDARFORMAÐUR IFLA PPP)



IFLA

INTERNATIONAL FEDERATION
OF LANDSCAPE ARCHITECTS

TILLAGA AÐ NÝRRI SKILGREININGU Á LANDSLAGSARKÍTEKT FOR FYRIR ALPJÓÐLEGU STARFAFLOKKUNINA (ISCO) – APRIL 2020
